4) Í V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eru nánar tiltekið settar fram skrár yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til, eftir því sem við á, að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

5) Breska konungsríkið tilkynnti framkvæmdastjórninni um uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í alifuglum. Uppkoman var í grennd við Redgrave, Mid Suffolk, Suffolk á Englandi og var staðfest með greiningu á rannsóknarstofu (víxlritakjarnsýru-mögnun) 1. mars 2022.

6) Til viðbótar tilkynntu Bandaríkin framkvæmdastjórninni um uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu í alifuglum. Uppkomurnar voru á annarri starfsstöð í Newcastle-sýslu, sem þegar hafði orðið fyrir áhrifum, í Delaware-ríki í Bandaríkjunum, í Queen Anne-sýslu í Maryland-ríki í Bandaríkjunum og í Jasper-sýslu í Missouri-ríki í Bandaríkjunum og voru staðfestar með greiningu á rannsóknarstofu (víxlritakjarnsýrumögnun) 8. mars 2022.

7) Enn fremur tilkynntu Bandaríkin framkvæmdastjórninni um uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í alifuglum. Uppkoman var í Lawrence-sýslu í Missouri-ríki í Bandaríkjunum og var staðfest með greiningu á rannsóknarstofu (víxlritakjarnsýru-mögnun) 9. mars 2022.

8) Heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu og Bandaríkjunum komu upp 10 km varnarsvæði umhverfis starfsstöðvarnar sem urðu fyrir áhrifum og innleiddu niðurskurðarstefnu til að verjast tilvist alvarlegrar fugla-inflúensu og hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

9) Breska konungsríkið og Bandaríkin hafa lagt upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði þeirra og til hvaða aðgerða þau hafa gripið til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu. Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á þessar upplýsingar. Á grundvelli þessa mats og til að vernda heilbrigðisástand dýra í Sambandinu ætti ekki lengur að heimila komu sendinga af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum inn í Sambandið frá svæðunum þar sem heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu og Bandaríkjunum settu takmarkanir vegna nýlegra uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu.

10) Auk þess hefur Breska konungsríkið lagt fram uppfærðar upplýsingar um faraldsfræðilega stöðu á yfirráðasvæði sínu í tengslum við uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu sem voru staðfestar 8. nóvember 2021 á alifuglastöðvum í grennd við Alcester, Bidford, Warwickshire á Englandi og 21. nóvember 2021 í grennd við North Fambridge, Maldon, Essex á Englandi. Breska konungsríkið hefur einnig lagt fram þær ráðstafanir sem landið hefur gripið til í því skyni að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Í kjölfar þessara uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu kom Breska konungsríkið einkum til framkvæmda niðurskurðarstefnu til að verjast og takmarka útbreiðslu sjúkdómsins. Að auki lauk Breska konungsríkið

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 1).

við nauðsynlegar hreinsunar- og sótthreinsunarráðstafanir eftir framkvæmd niðurskurðarstefnu á sýktu alifuglastöðunum á yfirráðasvæði landsins.

11) Framkvæmdastjórnin lagði mat á upplýsingarnar sem Breska konungsríkið lagði fram og komst að þeirri niðurstöðu að uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu á alifuglastöðvunum í grennd við Alcester, Bidford, Warwickshire á Englandi og í grennd við North Fambridge, Maldon, Essex á Englandi væru yfirstaðnar og að engin áhætta tengdist lengur komu sendinga af alifuglavörum inn í Sambandið frá þeim svæðum í Breska konungsríkinu þaðan sem innflutningur á alifuglavörum til Sambandsins var stöðvaður tímabundið vegna þessara uppkoma.

12) Því ætti að breyta V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

13) Að teknu tilliti til núverandi faraldsfræðilegrar stöðu í Breska konungsríkinu og Bandaríkjunum að því er varðar alvarlega fuglainflúensu og alvarlega áhættu á að hún berist inn í Sambandið ættu breytingarnar sem gerðar eru á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 með þessari reglugerð að taka gildi sem fyrst.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula von der Leyen

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað línunnar fyrir svæði GB-2.19 í færslunni fyrir Breska konungsríkið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB** Breska konungsríkið | GB-2.19 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022“ |

ii. Í stað línunnar fyrir svæði GB-2.28 í færslunni fyrir Breska konungsríkið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB** Breska konungsríkið | GB-2.28 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022“ |

iii. Í færslunni fyrir Breska konungsríkið er eftirfarandi línu fyrir svæðið GB-2.104 bætt við á eftir línunni fyrir svæði GB-2.103:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB**<br>Breska konungsríkið | GB-2.104 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 1.3.2022“ | |

iv. Í færslunni fyrir Bandaríkin er eftirfarandi línum fyrir svæðin US-2.17 til US-2.20 bætt við á eftir línunni fyrir svæði US-2.16:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**US**<br>Bandaríkin | US-2.17 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 8.3.2022 | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | US-2.18 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | US-2.19 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 8.3.2022 | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | US-2.20 | Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar | BPP | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu | BPR | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar | SP | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar | SR | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar | DOC | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Dagsgamlir ungar strútfugla | DOR | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar | POU-LT20 | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HEP | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Útungunaregg strútfugla | HER | N, P1 | | 9.3.2022 | |
| | | Færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla | HE-LT20 | N, P1 | | 9.3.2022“ | |

b) Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í færslunni fyrir Breska konungsríkið er eftirfarandi lýsingu á svæði GB-2.104 bætt við á eftir lýsingunni á svæði GB-2.103:

| | | |
|---|---|---|
| „Breska konungsríkið | GB-2.104 | Í grennd við Redgrave, Mid Suffolk, Suffolk, Englandi:<br>Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radíus með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.37 og E0.99.“ |

ii. Í færslunni fyrir Bandaríkin er eftirfarandi lýsingum á svæðum US-2.17 til US-2.20 bætt við á eftir lýsingunni á svæði US-2.16:

| | | |
|---|---|---|
| „Bandaríkin | US-2.17 | Delaware-ríki<br>New Castle 02<br>New Castle-sýsla: Svæði með 10 km radíus sem hefst á norðurpunkti (GPS-hnit: 75.7430486°W 39.5199819°N) og liggur réttsælis í hring:<br>a) Norður: 1,1 km til norðvesturs frá gatnamótum W Creek Ln og Dickerson Ln.<br>b) Norðaustur: 0,3 km til norðausturs frá gatnamótum Cuter Way og Nantucket Dr.<br>c) Austur: 0,23 km til norðausturs frá gatnamótum Denny Lynn Dr og Kelsey Lynn Ct.<br>d) Suðaustur: 0,8 km til suðausturs frá gatnamótum Blackbird Station Rd og Lloyd Guessford Rd.<br>e) Suður: 2,2 km til suðausturs frá gatnamótum Massey Rd og Bradford Johnson Rd.<br>f) Suðvestur: 1,9 km til vestsuðvesturs frá gatnamótum Megan Rd og Scott Rd.<br>g) Vestur: 2,7 km til norðvesturs frá gatnamótum Bohemia Church Rd og Augustine Herman Hwy.<br>h) Norðvestur: 0,7 km til norðnorðvesturs frá gatnamótum Court House Point Rd og Augustine Herman Hwy. |
| | US-2.18 | Maryland-ríki<br>Queen Anne-sýsla: Svæði með 10 km radíus sem hefst á norðurpunkti (GPS-hnit: 75.8786226°W 39.2489713°N) og liggur réttsælis í hring:<br>a) Norður: 0,6 km til norðnorðvesturs frá gatnamótum Herbies Way og Chester River Heights Rd.<br>b) Norðaustur: 0,8 km til norðvesturs frá gatnamótum Stulltown Rd og Peters Corner Rd.<br>c) Austur: 1,4 km til suðausturs frá gatnamótum Busic Church Rd og Duhamel Corner Rd. |

| | | |
|---|---|---|
| | | d) Suðaustur: 0,36 km til suðvesturs frá gatnamótum Trunk Line Rd og Bee Tree Rd.<br>e) Suður: 0,63 km til suðausturs frá gatnamótum Murphy Rd og Price Station Rd 405.<br>f) Suðvestur: 0,1 km til suðausturs frá gatnamótum Flat Iron Square Rd og Lieby Rd.<br>g) Vestur: 2,2 km til austsuðausturs frá gatnamótum Rolphs Wharf Rd og Church Hill Rd.<br>h) Norðvestur: 0,5 km til norðvesturs frá gatnamótum Deep Landing Rd og Bright Meadow Ln. |
| | US-2.19 | Missouri-ríki<br>Jasper-sýsla: Svæði með 10 km radíus sem hefst á norðurpunkti (GPS-hnit: 94.5953717°W 37.4321134°N) og liggur réttsælis í hring:<br>a) Norður: 0,7 km til suðvesturs frá gatnamótum SW 50th Rd og SW 160th Ln.<br>b) Norðaustur: 0,7 km til vesturs frá gatnamótum W Highway 126 og SW 115th Ln.<br>c) Austur: 0,5 km til suðausturs frá gatnamótum State Highway 43 og Thistle Rd.<br>d) Suðaustur: 0,5 km til suðvesturs frá gatnamótum Park Ln og 25B.<br>f) Suðvestur: 0,3 km til suðsuðausturs frá gatnamótum NE Scammon Rd og NE 85th St.<br>g) Vestur: 0,6 km til norðvesturs frá gatnamótum E 400 Highway og Highway 69.<br>h) Norðvestur: 0,7 km til suðvesturs frá gatnamótum Highway 126 og N Free King´s Highway. |
| | US-2.20 | Missouri-ríki<br>Lawrence-sýsla: Svæði með 10 km radíus sem hefst á norðurpunkti (GPS-hnit: 93.7354261°W 37.1689086°N) og liggur réttsælis í hring:<br>a) Norður: 1,2 km til norðnorðausturs frá gatnamótum Farm Rd 2077 og Farm Rd 1170.<br>b) Norðaustur: 1,1 km til vesturs frá gatnamótum County Rd 2090 og County Rd 1230.<br>c) Austur: 1,0 km til suðvesturs frá gatnamótum Farm Rd 2130 og Farm Rd 1245.<br>d) Suðaustur: 0,4 km til norðausturs frá gatnamótum Farm Rd 1220 og Farm Rd 2180.<br>f) Suðvestur: 0,5 km til austnorðausturs frá gatnamótum County Rd 1131 og Farm Rd 2181.<br>g) Vestur: 0,7 km til suðsuðvesturs frá gatnamótum I-44 og Highway H.<br>h) Norðvestur: 1,5 km til norðnorðausturs frá gatnamótum Farm Rd 2100 og Farm Rd 1132 LC.“ |

2) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað línunnar fyrir svæði GB-2.19 í færslunni fyrir Breska konungsríkið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB** Breska konungsríkið | GB-2.19 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022 |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 8.11.2021 | 4.3.2022“ |

ii. Í stað línunnar fyrir svæði GB-2.28 í færslunni fyrir Breska konungsríkið kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB** Breska konungsríkið | GB-2.28 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022 |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 21.11.2021 | 8.3.2022“ |

iii. Í færslunni fyrir Breska konungsríkið er eftirfarandi línu fyrir svæðið GB-2.104 bætt við á eftir línunni fyrir svæði GB-2.103:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**GB** Breska konungsríkið | GB-2.104 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 1.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 1.3.2022“ | |

iv. Í færslunni fyrir Bandaríkin er eftirfarandi línum fyrir svæðin US-2.17 til US-2.20 bætt við á eftir línunni fyrir svæði US-2.16:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**US** Bandaríkin | US-2.17 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 8.3.2022 | |
| | US-2.18 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 8.3.2022 | |
| | US-2.19 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 8.3.2022 | |
| | | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 8.3.2022 | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| US-2.20 | Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum | POU | N, P1 | | 9.3.2022 | | |
| | Nýtt kjöt af strútfuglum | RAT | N, P1 | | 9.3.2022 | | |
| | Nýtt kjöt af veiðifuglum | GBM | P1 | | 9.3.2022“ | | |

b) Í stað línanna fyrir svæði US-2 til US-2.16 í færslunni fyrir Bandaríkin í 2. hluta kemur eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| „Bandaríkin | US-2 | Svæði Bandaríkjanna sem er lýst undir US-2 í 2. hluta V. viðauka“ |

**Fylgiskjal 3.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/424**

**frá 14. mars 2022**

**um breytingu og leiðréttingu á I., IV., XV., XVI., XVII. og XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði eða hólf þeirra sem hafa heimild til að flytja inn dýr af hestaætt, kjötafurðir, mjólk, brodd, afurðir, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðir, garnir og lagardýr til Sambandsins**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 1. mgr. 230. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er m.a. mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og hún gildir frá og með 21. apríl 2021. Ein af þessum dýraheilbrigðiskröfum er sú að þessar sendingar verða að koma frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð í samræmi við 1. mgr. 230. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum eða svæðum eða hólfum þeirra. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis megi heimila að sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið hennar, komi inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð með tilliti til tiltekinnar tegundar og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ([3]) er komið á fót skrám yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn þessar tegundir og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, til Sambandsins. Skrárnar og tilteknar almennar reglur sem varða skrárnar eru settar fram í I. til XXII. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.

4) Í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af dýrum af hestaætt til Sambandsins. Leiðrétta ætti ranga tilvísun í fyrirsögninni í 2. dálki þeirrar skrár. Því ætti að leiðrétta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

5) Í A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af kjötafurðum af hóf- og klaufdýrum, alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins. Í færslunni fyrir Serbíu, að því er varðar svín, í fimmta dálki þeirrar skrár ætti að endurspegla meðhöndlun B eða C til að draga úr áhættu sem um getur í a-lið 1. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1351 ([4]), sem var í gildi til 31. desember 2021, og er sem stendur sett fram í XXVI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692. Því ætti að leiðrétta þessa færslu fyrir Serbíu og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

6) Í XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af görnum til Sambandsins. Mongólía sendi framkvæmdastjórninni svar sitt við spurningalista varðandi innflutning á sendingum af görnum til Sambandsins frá því þriðja landi með hliðsjón af heilbrigði dýra og manna. Mongólía lagði einnig fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir framkvæmdastjórnina til þess að verða fært á þá skrá og því ætti að breyta skránni til samræmis við það til að færa þetta þriðja land í skrána. Því ætti að breyta XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

7) Í XVII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn mjólk, brodd, afurðir, að stofni til úr broddi, mjólkurafurðir sem eru unnar úr hrámjólk og mjólkurafurðir, sem ekki er gerð krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki, til Sambandsins. Sú skrá ætti að taka mið af skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn í Evrópusambandið sendingar af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, með upplýsingum um þá tegund hitameðhöndlunar sem krafist er fyrir slíkar vörur skv. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1351 frá 19. ágúst 2019 um að koma á sérstökum skilyrðum að því er varðar innflutning til Sambandsins og umflutning um Sambandið á kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og görnum úr svínum sem eru upprunnin í Serbíu í kjölfar uppkomu afríkusvínapestar í því landi og um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2013/426/ESB (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2019, bls. 1).

nr. 605/2010 ([5]), þar eð framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 felldi niður og kom í stað reglugerðar (ESB) nr. 605/2010. Því ætti að leiðrétta XVII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til að hann innihaldi færslu fyrir Mön sem var skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010.

8) Í XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er sett fram skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af lifandi lagardýrum af skráðum tegundum til Sambandsins. Leiðrétta ætti þann viðauka með því að bæta aftur við 2., 3. og 4. hluta sem voru í gildi áður en XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1937 ([6]) og þeir óvart felldir brott með þeirri framkvæmdarreglugerð. Því ætti að leiðrétta XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

9) Því ætti að breyta og leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.

10) Þar eð framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 gildir frá 21. apríl 2021 ættu breytingarnar og leiðréttingarnar, sem á að gera á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 með þessari reglugerð, í þágu réttarvissu, að taka gildi sem fyrst.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I., IV., XV., XVI., XVII. og XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2021/404 er breytt og þau leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*
Ursula von der Leyen
*forseti.*

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til manneldis (Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1937 frá 9. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar komu sendinga af lindýrum og krabbadýrum inn í Sambandið sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu og um skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður (Stjtíð. ESB L 396, 10.11.2021, bls. 36).

*VIÐAUKI*

Ákvæðum I., IV., XV., XVI., XVII. og XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt og þau leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 10. liðar í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„(10) Þegar vísað er til Serbíu er yfirráðasvæðið Kósovó (*) ekki meðtalið.

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovó.“

2) Í stað fyrirsagnanna í töflunni í 1. hluta IV. viðauka kemur eftirfarandi:

| „**ISO-kóði og heiti** þriðja lands eða yfirráðasvæðis | **Svæði** eins og er sett fram í 2. hluta | **Heilbrigðishópur** | **Flokkar** sem er heimilt að flytja inn í Sambandið | **Dýraheilbrigðisvottorð** | **Sérstök skilyrði** eins og er sett fram í 3. hluta | **Dýraheilbrigðisábyrgðir** eins og er sett fram í 4. hluta | **Lokadagsetning** | **Upphafsdagsetning** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

3) Í stað færslunnar fyrir Serbíu í A-þætti 1. hluta XV. viðauka kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**RS** Serbía | RS-0 | A | A | B eða C | A | D | D | D | D | D | Ekki leyft | **MPNT**(*1) **MPST“** | |

4) Í 1. hluta XVI. viðauka er eftirfarandi færslu fyrir Mongólíu bætt við milli færslunnar fyrir Marokkó og færslunnar fyrir Nýja-Sjáland:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| „**MN** Mongólía | MN-0 | Hóf- og klaufdýr og alifuglar | CAS“ | | |

5) Í 1. hluta XVII. viðauka er eftirfarandi færslu fyrir Mön bætt við milli færslunnar fyrir Grænland og færslunnar fyrir Jersey:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „**IM** Mön | IM-0 | Hóf- og klaufdýr | MILK-RM, MILK-RMP/NT, COLOSTRUM, COLOSTRUM-BP, DAIRY-PRODUCTS-PT“ | | | | |

6) Í XXI. viðauka er eftirfarandi 2., 3. og 4. hluta bætt við á eftir 1. hluta:

„2. HLUTI

**Lýsingar á svæðum eða hólfum þriðju landa eða yfirráðasvæða sem um getur í 2. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta**

| **Heiti** þriðja lands eða yfirráðasvæðis | **Kóði** svæðis/hólfs | **Lýsing á svæðinu** |
|---|---|---|
| Kanada | **CA-1** | Breska Kólumbía |
| | **CA-2** | Alberta |
| | **CA-3** | Saskatchewan |
| | **CA-4** | Manitóba |
| | **CA-5** | Nýja-Brúnsvík |
| | **CA-6** | Nóvaskótía |
| | **CA-7** | Prince Edward-eyja |
| | **CA-8** | Nýfundnaland og Labrador |
| | **CA-9** | Júkon |
| | **CA-10** | Norðvesturlandsvæðin |
| | **CA-11** | Nunavut |
| | **CA-12** | Quebec |
| Malasía | **MY-1** | Vesturmalasíuskagi |
| Bandaríkin | **US-1** | Landið allt, að undanskildum eftirfarandi ríkjum: New York, Ohio, Illinois, Michigan, Indiana, Wisconsin, Minnesota og Pennsylvania |
| | **US-2** | Humboldt-flói (California) |
| | **US-3** | Netarts-flói (Oregon) |
| | **US-4** | Wilapa-flói, Totten-fjörður, Oakland-flói, Quilcence-flói og Dabob-flói (Washington) |
| | **US-5** | NELHA (Hawai) |

3. HLUTI

**Sérstök skilyrði sem um getur í 7. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta**

| | |
|---|---|
| **A** | Lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr sem falla undir lið II.2.4 í fyrirmyndinni að opinberu vottorði FISH-CRUST-HC, verða að vera upprunnin frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð í 2. dálk 1. hluta þessa viðauka. Í öllum tilvikum skal þetta gilda með fyrirvara um framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 (*). |
| **B** | Lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr sem falla undir lið II.2.4 í fyrirmyndinni að opinberu vottorði MOL-HC, verða að vera upprunnin frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð í 2. dálk 1. hluta þessa viðauka. Í öllum tilvikum skal þetta gilda með fyrirvara um framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.<br>Einungis má nota þetta opinbera vottorð vegna aðflutnings inn til Sambandsins á sendingum af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, sem eru í samræmi við heilbrigðiskröfur er varða lifandi samlokur sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 (**) og matvælaöryggisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í liðum 1.17 og 1.25 í 1. kafla I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 (***) |

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

(***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

4. HLUTI

**Dýraheilbrigðisábyrgðir sem um getur í 8. dálki í töflunni sem er sett fram í 1. hluta**

Engar“.

---